

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/164*  
*komudagur 15.11.2011*



Skrifstofa Alþingis  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

SÍBS | Icelandic Chest Patients Association  
Síðumúli 6 | IS-108 Reykjavík | Iceland  
tel +354 560 4800 | fax +354 562 9150  
sibs@sibs.is | www.sibs.is

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skattaávilnanir í þágu tilgreindra félagasamtaka (skattfrádráttur vegna gjafa), 107. mál**

*Umsögn:* SÍBS óskar eftir því að í frumvarpinu verði sérstaklega nefnd til sögunnar sjúklingafélög og stofnanir þeirra, þannig að við upptalninguna í 1., 2. og 3. gr., þar sem nú stendur “kirkjufélaga, viðurkenndrar líkvarstarfsemi, menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa” bætist við orðin “sjúklingafélaga og stofnana þeirra”.

*Greinargerð:* Sjúklingafélög eru frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum sem teljast til almannaheilla: allt frá fræðslu og forvarnastarfsemi til uppbyggingar á heilsugæslunni og innviðum hennar með gjöfum, gegnum eigin rekstur, eða starf sjálfboðaliða. Í tilfalli SÍBS og annarra félaga er hluta þessa rekstrar komið fyrir í sérstökum félögum, sem í tilfalli SÍBS eru Reykjalundur og Múlalundur, auk þess sem flest félögin reka sjóði, oft undir eigin kennitölu. Þess vegna er mikilvægt að óyggjandi sé, að gjafir til slíkra stofnana falli einnig undir lögin.

*Um SÍBS:* SÍBS er samband sjúklingafélaga á sviði brjóstholssjúkdóma með á sjöunda þúsund félagsmanna. Innan sambandsins eru eftirtalin félög: Hjartaheill – Landssamtök hjartasjúklinga; Astma- og ofnæmisfélagið; Samtök lungnasjúklinga; Berklavörn; Vífill – félag einstaklinga með kæfisvefn og aðar svefnháðar öndunartruflanir.

SÍBS á og rekur endurhæfingarmiðstöðina Reykjalundur og öryrkjavinnustaðinn Múlalundur, og sinnir ásamt Hjartaheilum víðtækri forvarnastarfsemi með leit og greiningu gagnvart almenningi um land allt undir merkjum “SÍBS-lestarinnar”.

Fyrir hönd SÍBS vil ég lýsa ánægju félagsins með markmið frumvarpsins, og vona innilega að starfsemi sjúklingafélaga rati með óyggjandi hætti inn í það.

Reykjavík, 15. nóvember 2011

Virðingarfyllst,

Guðmundur Löve  
framkvæmdastjóri SÍBS